

Skjótt hefur sól brugðið sumri

Kennsluleiðbeiningar

UM LAGIÐ

Skjótt hefur sól brugðið sumri er fengið úr bók Bjarna Þorsteinssonar, Íslenskt þjóðlög. Bjarni lærði lagið af Páli Ólafssyni á Akri árið 1897.

<https://www.ismus.is/i/bookpage/uid-278b6e4a-5822-4b5f-a1dd-592db74ecf02>

Textinn er erfiljóð Jónasar Hallgrímssonar eftir vin sinn Bjarna Thorarensen skáld og sýslumann.

<http://jonas.ms.is/atrord.aspx?atorid=559&nafna=U&flokkunID=3&px=&py=>

Ljóðið lýsir tilfinningum ljóðmælandans við andlát vinar hans. Lagið gefur ljóðinu ljúfsáran blæ.

UM ÚTSETNINGUNA

Þetta tregafulla lag kallaði á safaríka, hljómmikla útsetningu og því legg ég áherslu á *detaché* strok, bindiboga og styrkleikabreytingar. Fylgiraddir kynnast því að spila *sul tasto* og fylgirödd 3 má gjarnan nota dempara (*sordino*).

Fylgirödd 1 er skrifuð í fimmundum með hægt niðurstrok og hratt uppstrok. Sjálfsgagt er að spila hana divisi með þeim nemendum sem þurfa á einföldun að halda.

Bjarni Þorsteinsson skrifaði þetta lag upp með fjórðaparts- og hálfnotum. Einnig setur hann fermötur á tveimur stöðum. Ég tek mér skáldaleyfi og skrifa lagið út í áttundapörtum svo hægt sé að slá það í 4/4. Einnig skrifa ég fermöturarnar út eins og mér finnst þjóna laginu best.


ÆFINGAR OG UPPHITUN

Syngjum lagið, lærum kvæðið!!


1. Tónmyndun

Hægt niðurstrok – hratt uppstrok.

a) Virkt uppstrok, komumst alla leið til baka á uppstrokinu. Leikið á lausum streng:



Sama strok, nú í G dúr




osfrv.




osfrv.

b) Snúum strokinu við: hægt uppstrok, hratt niðurstrok.



osfrv.



osfrv.

c) Veljið eina æfingu eða kunnuglegt lag og spilið bæði *ordinario* og *sul tasto*. Hlustið á muninn.

2. Detaché og staccato

Spilum á lausum streng:

undirbúa undirbúa

Hlustum eftir muninum, finnum hvernig við beitum boganum á mismunandi hátt.

3. Bindibogar

Spilum eina áttund í D eða G dúr

a) Spilum með stoppum. Deilum boganum jafnt niður á nóturnar, hvílum bogann á strengnum.

osfrv.

b) Skiptum um fingur en strjúkum í sömu átt

c) Strjúkum gegnum skiptin án þess að stoppa bogann, deilum boganum jafnt milli nótna og verum skýr í vinstri. Hlustum eftir tóngæðum.

TILBRIGÐI

Þessari útsetningu má skeyta við aðrar útsetningar í G dúr, t.d. Krummi krunkar úti eða Kindur jarma í kofunum og búta til litla svítu.

